



Náttúruverndarstofnun

Austurvegi 4

860 Hvolsvöllur

Garðabær, 15.8.2025

Málsnúmer: 202507-0011

BK

Efni: Tillaga að friðlýsingu Grafarvogs

Vísað er er til erindis Náttúruverndarstofnunar, dags. 3. júlí 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að friðlýsingu Grafarvogs.

Náttúrufræðistofnun vill lýsa yfir ánægju með að friðlýsing Grafarvogs sé nú í sjónmáli og eru mörk friðlýsingarinnar í góðu samræmi við ráðleggingar stofnunarinnar í fyrri umsögnum um málið. Grafarvogur er einn mikilvægasti viðkomustaður farfugla innan höfuðborgarsvæðins og er þar fjölbreytt fuglalíf árið um kring. Því skiptir miklu máli að tryggja verndun svæðisins til framtíðar, einkum í ljósi áframhaldandi uppbyggingar í nágrenni þess.

Stofnunin hefur farið yfir tillöguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

1. gr.

Bent skal á að innarlega í vöginum hefur fundist plöntutegund sem er friðuð skv. auglýsingu nr. 1385/2021. Það er tegundin sandlæðingur (*Glaux maritima*). Nefna mætti hana í 1. grein skilmálanna.

2. gr.

„Friðlýsingin miðar einnig að því að treysta rannsókn-, fræðslu- og upplifunargildi svæðisins.“

Skýrara væri að nota „styrkja“ eða „efla“ í stað treysta.

6. gr.

„Sérstakrar aðgátar er þörf á varptíma fugla.“

Svæðið er einkum mikilvægt á fartíma og því færi betur að segja: Sérstakrar aðgátar er þörf á far- og varptíma fugla.

8. gr.

Vegna nálægðar við íbúða- og iðnaðarsvæði mætti einnig koma inn á vöktun vegna mögulegrar mengunar sem gæti borist í vögin.

9. gr.

„Þar skulu meðal annars koma fram upplýsingar um verndargildi og sérstöðu svæðisins, þær umgengnisreglur sem þar gilda.“

Hér virðist vanta „og“ í seinni hluta setningarinnar.



Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur